

4. Ef um er að ræða sambýli fólks, sem átt hefur börn saman, skulu skattframtöl beggja sambýlisaðila fylgja umsókn.
5. Umsóknarfrestur er hinn sami og almennur skilafrestur framtala, þ.e. 31. janúar 1977. Þeir, sem hafa annan skilafrest framtala en að ofan greinir, skulu hafa sent inn umsókn í allra síðasta lagi 28. febrúar 1977.
6. Skattstjóri áætlar á grundvelli framtals og umsóknar hvers gjaldandi megi vænta til útborgunar af barnabótum árið 1977. Síðan tilkynnir skattstjóri umsækjanda ef umsókn er synjað en samþykktar umsóknir munu berast hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs, sem annast útborgun. Útborgun fyrirframgreiðslu er háð takmörkun fjárhæðar skv. 1. tl. hér að framan og því, að umsækjandi (og sambýlisaðili ef við á) eigi ekki vangreiddar eftirstöðvar þinggjalda frá fyrri árum.
7. Stefnt er að því, að útborgun barnabóta samkvæmt umsóknum, sem borist hafa innan 31. janúar 1977, hefjist í mars 1977. Útborgun samkvæmt umsóknum sem berast milli 1. og 28. febrúar hefst ekki fyrr en í apríl/maí 1977. Nánari ákvörðun um útborgunardaga verður auglýst síðar.
8. Þegar í ljós kemur við álagningu skatta, hvern rétt gjaldandi á til útborgunar barnabóta á árinu 1977, verður fyrirfram greidd upphæð dregin frá heildarfjárhæðinni og kemur það sem þá stendur eftir til útborgunar á síðari hluta ársins. Komi í ljós við álagningu opinberra gjalda, að gjaldandi, sem fengið hefur fyrirframgreiðslu, hafi fengið ofgreiddar bætur, ber gjaldanda að endurgreiða hina ofgreiddu fjárhæð viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs.

Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Jón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 102 frá 23. desember 1976 um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka og innheimta á árinu 1977 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a) Með 140% viðauka stimpilgjöld af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b) Með 140% viðauka sérleyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í lögum nr. 79, um aukatekjur ríkissjóðs frá 23. desember 1975, og reglugerðum settum með heimild í þeim lögum.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta sem um ræðir í 1. gr. en broti úr krónu, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Árni Kolbeinsson.